



AÍFS



REGLUR

Um það sem ekki stendur í þessum reglum gilda alþjóða reglur CIK-FIA fyrir 2011

1. gr. Mótið.

- 1.1. Heiti móts: Íslandsmeistaramót í gokart 2011.
- 1.2. Mótið er haldið af ÍSÍ, AÍH og AÍFS.
- 1.3. Flokkur sem keppt er í er: 125cc Rotax Max Challenge Seniors.
 1. Lágmarksþyngd körtu og ökumanns í fullum keppnisgalla er 165 kg.
 2. Aldurstakmark er 16 ár.
 3. Ef keppandi er yngri en 18 ára þarf skriflegt leyfi frá foreldrum eða forráðamönnum.
 4. Keppandi þarf að hafa keppnisskírteini gefið út af ÍSÍ.
 5. Hámarksfjöldi keppenda á braut eru samkvæmt brautarleyfi hverju sinni.
 6. Ef keppendur eru fleiri en gert er ráð fyrir í brautarleyfi verður skipt í riðla.

2. gr. Dagskrá.

- 2.1. Mótið samanstendur af fjórum keppnum.
 1. 26. júní á íþróttasvæði AÍH við Krísuvíkurveg, haldið af AÍH.
 2. 10. júlí á íþróttasvæði AÍH við Krísuvíkurveg, haldið af AÍFS.
 3. 21. ágúst á íþróttasvæði AÍH við Krísuvíkurveg, haldið af AÍH.
 4. 11. september á íþróttasvæði AÍH við Krísuvíkurveg, haldið af AÍH.
- 2.2. Hver keppni samanstendur af æfingu, tímatöku og þremur 15 mínútna umferðum.
(Hugsanlegar breytingar á reglum og fyrirkomulagi verða tilkynntar á keppnisstað hverju sinni).

3. gr. Skráning.

- 3.1. Skráning fer fram á www.felix.is
- 3.2. Skráningarfrestur fyrir hverja keppni er:
 1. 19. júní.
 2. 03. júlí.
 3. 14. ágúst.
 4. 04. september.

4. gr. Skipulagning.

- 4.1. Starfsmenn keppna eru: Keppnisstjóri, brautarstjóri, tímavörður, flaggarar, ræsir, skoðunarmaður og dómari.
- 4.2. Keppnisstjórn mun kynna alla starfsmenn fyrir keppendum og fara yfir reglur keppinnar og fyrirkomulag áður en æfingar hefjast hverju sinni.
- 4.3. Úrslit skulu birt keppendum að lokinni hverri umferð og endanleg úrslit í lok keppinnar.
- 4.4. Kærum þurfa að berast til keppnisstjóra innan 20 mínútna frá birtingu úrslita í lok keppinnar.

5. gr. Skyldur keppenda.

- 5.1. Keppendur þurfa að vera skráðir félagar í akstursíþróttafélagi sem er aðili að ÍSÍ.
- 5.2. Keppendur þurfa að hafa kynnt sér vel allar reglur og fyrirkomulag keppinnar.
- 5.3. Á meðan á keppni stendur skulu keppendur ávallt:
 1. Vera með viðurkenndan lokaðan öryggishjál.
 2. Vera í viðurkenndum keppnisgalla.
 3. Vera með hanska.
 4. Vera með viðurkenndan hálskraga.
 5. Vera með rifbeinahlíf.

6. gr. Skoðun.

- 6.1. Ökumaður skal vera viðstaddur meðan á skoðun stendur.
- 6.2. Körðu og dekk skal merkja eftir skoðun.
- 6.3. Eftirfarandi verður athugað:
 1. Öryggisbúnaður ökumanns. (*Hjálmur, kragi, galli, rifbeinahlíf og hanskar*).
 2. Almenn ástand körtunnar. (*ATH! Kartan þarf að vera hrein til þess að standast skoðun*).
 3. Fótstig, bremsur, hjól, hjólbarðar, stýrisbúnaður, sæti og bensintankur.
 4. Mótor, móturfestingar og púst.
 5. Númer og númeraplötur.
 6. Plöst.
 7. Þyngingar og festingar þeirra.
 8. Karta og ökumaður viktað. (*Lámarks þyngd 165 kg*).
- 6.4. Körðu sem ekki stenst skoðun má vísa úr keppni án fyrirvara.

7. gr. Fyrirkomulag.

- 7.1. Keppandi þarf að vera skráður til keppni innan tímamarka um skráningu og hafa greitt keppnisgjald.
- 7.2. Keppandi skal vera mættur á keppnisstað samkvæmt dagskrá keppninnar. (*Sjá tilkynningar sem gefnar verða út fyrir hverja keppni*).
- 7.3. Aðeins einn keppandi skal vera skráður á hverja körðu.
- 7.4. Aldrei skulu fleiri en þrír í einu vinna við hverja körðu á viðgerðarsvæði.
- 7.5. Allar umferðir gefa stig til meistara.
- 7.6. Allir keppendur og körtur verða vigtaðir í lok tímátöku og eftir hverja ekna umferð í keppninni.
- 7.7. Sérhver röng eða óíþróttamannsleg hegðun af hendi keppenda eða aðstoðarmanna verður dæmd af dómara sem má refsa viðkomandi, jafnvel með brottrekstri úr keppni.

8. gr. Keppnisflokkur.

- 8.1. Keppt er í einum flokki, 125cc Rotax Max Challenge Seniors.
- 8.2. Mótor. 125cc Rotax Max. Allar breytingar eru bannaðar. Reglur sem gilda um mótör eru: Rotax Max Challenge 2010. (*ARTICLE: 5 ENGINE SEALING 5.1 Engines Sealing*).
- 8.3. Grind körtu: Gerð fyrir 100-125cc flokk, fjöldaframleidd frá CIK-FIA viðurkenndum framleiðanda.
- 8.4. Bremsur skulu einungis vera á afturöxli.
- 8.5. Þyngingar skulu festar tryggilega á grind eða sæti.
- 8.6. Keppnisnúmer skal vera staðsett að framan, aftan og á sitt hvorri hlið körtunnar.
- 8.7. Hjólbarðar VEGA SL3 "Blue" (*NordAm*). (*Sjá tilkynningar sem gefnar verða út fyrir hverja keppni*).
- 8.8. Aðeins má nota einn dekkjagang í hverri keppni auk eins varadekks af hvorri gerð. Þetta á bæði við um dekk fyrir þurrt og blautt.
- 8.9. Notkun efna sem auka múkt og grip dekkjanna er stranglega bönnuð. (*Refsing: Vísað úr keppni*).
- 8.10. Talstöðvasamband við ökumann er bannað.

9. gr. Æfing, tímataka, uppröðun, upphitunarhringur, ræsing og þjófstart.

- 9.1. Æfing.
 1. Skyllt er að halda a.m.k. 30 mín. æfingu fyrir hverja keppni.
 2. Allir keppendur þurfa að taka þátt í æfingum.
 3. Keppnisstjóri getur veitt undanþágu frá æfingum eftir atvikum.
- 9.2. Tímataka.
 1. Tímataka skal standa yfir í 20 mínútur.
 2. Allir tímar skulu skráðir.
 3. Klukka tímavarðar telst alltaf rétt.
 4. Tími skal skráður í mín. sek. og þúsundustu hlutum úr sekúndu, (00:00:000).
 5. Keppandi sem ekki nær að aka í tímátöku fær sæti aftast á ráslínu.

- 9.3. Uppröðun á ráslínu.
1. Raða skal á ráslínu samkvæmt tímum úr tímatöku með aðstoð ræsis.
 2. Ef keppandi nær ekki út á réttum tíma á að skilja eftir autt pláss fyrir hann. Hefur hann svo 30 sek. til að koma sér á ráslínu eftir að síðasta keppanda hefur verið stillt upp. Mæti keppandi ekki innan tímamarka skal hann ræsa af þjónustusvæði eftir að rásmerki hefur verið gefið.
- 9.4. Upphitunarhringur.
1. Keppnisstjóri ákveður fjölda upphitunarhringja.
 2. Dragist keppandi afturúr í upphitunarhring skal skilja eftir eyðu svo hann komist á sinn stað aftur.
- 9.5. Ræsing.
1. Ræst skal á ferð. (*fljúgandi start*).
 2. Keppendur skulu ræstir 2 og 2 samhliða á ferð.
 3. Ræsir skal ræsa keppnina strax eftir upphitunarhringi. Ef keppendur eru ekki á hæfilegum hraða og þétting ekki rétt milli keppenda getur ræsir seinkað ræsinguna þar til því er náð.
 4. Framúrakstur í ræsingunni er ekki heimill fyrr en eftir ráslínu.
 5. Rásmerki er gefið fyrir framan ráslínu.
 6. Ræsir skal vera þannig staðsettur að allir keppendur sjái merki hans greinilega.
- 9.6. Þjófstart.
1. Reyni keppandi að bæta stöðu sína í upphitunarhring hefur hann þjófstartað.
 2. Keppendur sem ítrekað þjófstarta eða óhlýðnast ræsi má refsast með brottrekstri.
 3. Keppnisstjóri getur ákveðið að refsast fyrir þjófstart. Þjófstarti keppandi tvisvar í sömu keppni skal vísa honum úr keppninni.

10. gr. Keyrsla keppinnar.

- 10.1. Ekknar skulu þrjár 15 mínútna umferðir á hverjum keppnisdegi.
- 10.2. Stig eru gefin fyrir átta fyrstu sætin í hverri umferð: 10, 8, 6, 5, 4, 3, 2, 1.
- 10.3. Uppröðun á ráslínu: Fyrsta umferð: Tímar úr tímatöku. Önnur umferð: Sæti úr fyrstu umferð. Þriðja umferð: Sæti úr annari umferð. (*Sjá viðauka sem gefinn verður út fyrir hverja keppni*)
- 10.4. Upphitunarhringir hefjast þegar ræsir lyftir grænu flaggi.
- 10.5. Ræsing hefst þegar ræsir fellir græna flaggið.
- 10.6. Keppni er lokið þegar ræsir veifar köflóttu flaggi.
- 10.7. Að keppni lokinni skulu keppendur aka inn á þjónustusvæðið og mega þeir ekki yfirgefa körtuna fyrr en að vigtun lokinni, nema með leyfi keppnisstjóra.
- 10.8. Keppandi telst hafa lokið keppni þegar hann ekur yfir marklínu í lok hvernar umferðar.
- 10.9. Ef keppandi stoppa vegna bilana en heldur síðan áfram keppni eftir viðgerð, þarf að ljúka 70% þeirra hringja sem sigurvegari umferðarinnar ók til þess að teljast hafa lokið keppni.
- 10.10. Einungis þeir keppendur sem ljúka umferð fá stig til meistara.
- 10.11. Ef tveir eða fleiri keppendur eru jafnir að stigum er farið eftir: Hve oft í fyrsta, ef jafnt hve oft í öðru o.s.fr.

11. gr. Akstur í braut.

- 11.1. Ræsing

 1. Keppni hefst þegar ræsir fellir græna flaggið eftir upphitunarhringi.

- 11.2. Framúrakstur

 1. Þegar keppandi er á fríum sjó í brautinni má hann og getur notað alla breidd hennar.
 2. Þegar hraðari keppandi sem er að reyna framúrakstur hefur náð að komast að hlið þess sem hann er að fara framúr, má hinn sami ekki svinga fram og til baka í brautinni til að hindra framúraksturinn. Hann verður að gefa keppinautum það pláss sem hann þarf til að fara framúr og haldast innan brautarmerkinga.

3. Óheimilt er að þvinga sér framúr með því t.d. að bremsa of seint fyrir beygju þannig að viðkomandi hafi ekki fulla stjórn á körtunni og valda þannig bæði hættu fyrir sjálfan sig og aðra. Ekki stjaka harkalega við öðrum keppanda né þvinga hann út fyrir brautarkerkingar.
4. Óheimilt er að aka út fyrir brautarkerkingar til að vinna tíma eða hindra framúrakstur.
5. Keppandi sem er orðinn hring á eftir verður að hleypa framúr við fyrsta tækifæri sem gefst. Ef hann tekur ekki eftir stöðu sinni verður veifað bláu flaggi honum til viðvörunar.

11.3. Hætta

1. Sé hætta í brautinni er gulu flaggi veifað við þann stað og skal aka þar með varúð og allur framúrakstur er bannaður.
2. Þegar rauðu flaggi er veifað ber að rétta upp hönd, hægja mikið á ferð og aka rólega að ráslínu og stöðva.
3. Ef keppandi þarf að hægja á ferð eða stöðva skal hann rétta upp hönd.
4. Keppandi má aldrei aka á móti umferð.

11.4. Bilun

1. Ef keppandi þarf að fara á viðgerðarsvæði skal hann rétta upp hönd í tíma og aka rétta leið inn á svæðið.
2. Ef karta bilar í braut skal keppandi rétta upp hönd og aka á viðgerðarsvæðið.
3. Ef karta bilar í braut og kemst ekki á viðgerðarsvæðið skal keppandi rétta upp hönd og draga körtuna út fyrir braut, þannig að sem minnst hætta skapist fyrir aðra keppendur.
4. Enga aðstoð má veita í braut, nema ef fjarlægja þarf körtuna vegna bilunar/óhapps.

12. gr. Refsingar.

- 12.1. Keppandi sem þjófstartar færast niður um 2 sæti í lok umferðar. Ef keppandi ítrekar þjófstart getur það þýtt brottrekstur úr keppinni.
- 12.2. Keppandi sem tekur framúr á gulu flaggi færast niður um 2 sæti í lok umferðar.
- 12.3. Keppandi sem sýnir ekki varúð á gulu flaggi færast niður um 1 sæti í lok umferðar.
- 12.4. Keppandi sem hindrar framúrakstur á bláu flaggi færast niður um 1 sæti í lok umferðar.
- 12.5. Keppandi sem ekur áfram eftir að hafa fengið svart flagg hlýtur brottrekstur úr umferð og ræsir aftast í næstu umferð.
- 12.6. Ef fleiri en þrír eru að vinna í körtu á viðgerðarsvæði eftir að keppni hefst þá færast viðkomandi keppandi aftast á ráslínu í næstu umferð.
- 12.7. Ef keppandi er of léttur eftir vigtun hlýtur hann ekkert stig úr þeirri umferð og ræsir aftast í næstu.
- 12.8. Reynist karta keppanda ólöglega breytt skal keppanda vísað úr keppni.
- 12.9. Sérhver röng, sviksamleg eða óíþróttamannsleg hegðun af hendi keppenda eða aðstoðarmanna mun verða dæmd af dómnefnd keppinnar sem mun refsa viðkomandi, jafnvel með brottrekstri úr keppni.

13. gr. Kærur og áfrýjanir.

- 13.1. Allar kærur og áfrýjanir skal leggja fram og þær meðhöndlaðar skv. Lögbók LÍA kafla XII.

14. gr. Úrslit

- 14.1. Úrslit eru birt keppendum eftir hverja umferð ásamt lokaúrslitum í lok keppinnar.
- 14.2. Sigurvegari telst sá vera sem hlotið hefur flest stig samanlagt úr öllum umferðum.
- 14.3. Ef tveir eða fleiri eru jafnir að stigum eftir allar umferðir, telst sá sigurvegari sem oftast hefur verið í fyrsta sæti, ef jafnt þá öðru o.s.fr. Sé enn jafnt ráða tímar úr tímatökum.
- 14.4. Fulltrúi ÍSÍ skal taka úrslit frá keppnishaldara og færa þau ÍSÍ undirrituð af keppnisstjóra.

15. gr. Verðlaun og viðurkenningar.

- 15.1. Verðlaun eru veitt fyrir þrjú efstu sæti hvers keppnisdags.
- 15.2. Verðlaunaafhending fer fram samkvæmt dagskrá keppinnar.

16. gr. Flöggjin.

Grænt: Ræsing og þegar hætta er liðin hjá.

Gult: Hætta hefur skapast í brautinni. Sýna þarf sérstaka varúð, rétta upp hönd og hægja á ferð. Stranglega bannað að taka framúr á gulu flaggi.

Blátt: Sýnt ökumanni sem hefur verið hringaður til að gefa honum til kynna að hleypa beri framúr.

Rautt: Keppni er stoppuð. Ökumenn skulu hægja ferð og stöðva við ráslínu. Ekki má taka framúr.

Svart: Refsing eða brottrekstur úr keppni. Keppandi sem flaggaður er með svörtu skal aka í pitt innan 3ja hringa og tala við brautarstjóra.

Hvít: Merkir að það er einn hringur eftir.

Köflótt: Táknað lok æfinga, tímatöku eða keppni. Keppandi klárar hringinn og kemur inn í pitt.

17. gr. Fyrirvarar frá reglum og keppnishaldi

- 17.1. Lámárfjöldi keppenda í hverri keppni eru 10. Ef sá fjöldi næst ekki getur keppnishaldari frestað keppni eða fellt hana niður, allt eftir atvikum.
- 17.2. Keppnishaldari mun halda sig við þessar reglur eftir fremsta megni. Ef það er ekki hægt af einhverjum ástæðum mun hann semja um undanþágur til ÍSÍ svo hægt sé að halda keppnina þrátt fyrir það.
- 17.3. Keppendum verða kynntar allar þær breytingar sem gerðar verða á reglunum og fyrirkomulagi keppninar og ástæðum þeirra.
- 17.4. Liðir sem geta breyst:
 - 3.1. Skráning fer fram á www.felix.is
 - 8.7. Hjólbarðar.
 - 9.1. Æfing.
 1. Skyld er að halda a.m.k. 30 mín. æfingu fyrir hverja keppni.
 - 9.2. Tímataka.
 1. Tímataka skal standa yfir í 20 mínútur.
 2. Allir tímar skulu skráðir.
 4. Tími skal skráður í mín. sek. og þúsundustu hlutum úr sekúndu, (00:00:000).
 - 10.1. Eknar skulu þrjár 15 mínútna umferðir á hverjum keppnisdegi.
 - 10.3. Uppröðun á ráslínu: Fyrsta umferð: Tímar úr tímatöku. Önnur umferð: Sæti úr fyrstu umferð. Þriðja umferð: Sæti úr annarri umferð.

Aðrar upplýsingar fyrir keppendur og starfsfólk.

Stakkur eftir vexti

Allt sem við gerum varðandi keppnishaldið er sniðið eftir vexti og verða því allir keppendur og starfsfólk sem aðstoðar við keppnishaldið að sætta sig við þær breytingar sem kunna að verða svo hægt sé að halda keppni hverju sinni.

Tímatökubúnaður á keppnisstað

Ef tímatökubúnaður verður notaður af keppnishaldara þurfa keppendur að útvega sér tímasenda sem verða að vera í körtunum svo hægt sé að taka á þeim tíma og telja hringina. Tímasendana er hægt að fá leigða hjá Nítró.

Kostnaður

Hér er stuttur listi yfir áætlaðan kostnað við þátttöku og framkvæmd til glöggvunar. ATH. Þetta er ekki staðfest verð og gæti því breyst.

Áætlaður kostnaður keppenda:

<i>Félagsgjald í félag sem er aðili að ÍSÍ</i>	<i>4.000.- *</i>
<i>ÍSÍ keppnisskírteini fyrir 2011</i>	<i>10.000.- **</i>
<i>Keppnisgjald fyrir hverja keppni</i>	<i>6.000.-</i>
<i>Dekk, eitt sett</i>	<i>40.000.- ***</i>
<i>Leiga á tímasendi</i>	<i>4.000.- ****</i>

Áætlaður kostnaður keppnishaldara við hverja keppni:

<i>ÍSÍ gjald fyrir hverja keppni</i>	<i>15.000.-</i>
<i>Leiga á tímatökubúnaði</i>	<i>40.000.-</i>
<i>Verðlaunagripir</i>	<i>15.000.-</i>

* *Félagsgjald AÍH.*

** *Til þess að fá keppnisskírteini þarf viðkomandi að vera skráður í eitthvað félag sem er aðili að ÍSÍ.*

*** *Einungis eru leyfðir tveir dekkjagangar af þurrdekkjum í mótinu.*

**** *Tímasendir þarf eingöngu ef tímatökubúnaður er til staðar á keppnisstað.*

5"

High Technology in Karting Tyres

SL


S E R I E S

SL3 NordAm

Blue Label

Studiata inizialmente per le piste molto abrasive del mercato nord-americano, la SL3 NordAm si è dimostrata così eccellente da meritare di divenire la futura erede delle nostre SL5. Questo nostro nuovo tipo SL è particolarmente apprezzato perché mantiene prestazioni elevate con una costanza di rendimento eccezionale e soprattutto perché, cronometro alla mano, presenta differenze minime tra pneumatico nuovo ed usato. La SL3 si dimostra di facile set-up in ogni condizione di pista e con qualsiasi temperatura. La mescola medio-dura abbinata alla carcassa di nuova generazione (fianchi e tessuti ad elevato rapporto elasticità/tenacità) con disegno arrotondato all'anteriore fanno della nuova "Blu" il pneumatico ideale per i piloti di qualsiasi categoria.

Initially designed for the North American market, the SL3 "Blue" (NordAm) has tested so well that it deserves to become the future successor of our very successful SL5 tire. Our new style SL type tyre is highly respected because it maintains high performance with great consistency and above all, it shows minimal lap time difference between new and used tires. The SL3 is easy to set-up for every condition at the track regardless



Dati tecnici
Technical Data

SL3 NordAm

CODICE / CODE	SL3 NordAm		
	SL3-46	SL3-65	SL3-71
Misura / Size	10x4.60-5	11x6.50-5	11x7.10-5
L mm ±5	133	178	208
B mm ±5	105	128	142
C mm ±3	120	168	198
d mm ±0-1	126,2	126,2	126,2
D mm ±6	259	274	273
Durezza/Hardness (IRHD) ±3	53	53	53
Press. Sug. ±0.2 BAR	0,6	0,6	0,6
Sug. Press. ±0.3 PSI	8,5	8,5	8,5
Veloc. Max. Km/h	200	200	200
Speed Max. Mp/h	125	125	125
Peso ±5% Kg.	1,050	1,440	1,580
Weight ±5%			

of the air temperature. Its medium-hard compound combined with a new generation carcass and a new rounded off design at the front, make the new "Blue" the ideal tire for drivers of any weight and class.



www.vegatyres.com

VEGA

Via Archimede, 10
21047 Saronno (VA) - Italy
Tel. (+39) 02.96451201
Fax (+39) 02.96451192
vegadeal@vegatyres.com

High Technology in Karting Tyres